

Stykkishólmur og Reykjavík 13. apríl 2026

Bt.: Umsagnagátt Alþingis

Efni: Umsögn Fuglaverndar um “Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (vindorka og verndarflokkur). 157. löggjafarþing 2025–2026. Þingskjal 955 — 565. mál. Stjórnarfrumvarp.

Helstu neikvæðu áhrif vindorkugarða á náttúru felast oftast í áhrifum á fugla og geta áhrifin í ákveðnum tilfellum verið veruleg. Fuglavernd telur að verði framlagt frumvarp að lögum óbreytt, muni það ekki tryggja vernd fugla og gerir þrjár meginathugasemdir við það:

- 1) Við uppbyggingu vindorkuvera er mikilvægt að undanskilja strax á þessu stigi alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, sem Náttúrufræðistofnun hefur kortlagt skv. alþjóðlegri aðferðafræði¹, jaðarsvæði þessara svæða sem og mikilvægar farleiðir fugla. Fuglavernd hefur margoft bent á þetta atriði á öllum stigum málsins, eins og tekið var saman í síðustu umsögn félagsins um þetta mál, sem lesa má hér: <https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2026/01/2026-Umsogn-Fuglavernd-Drog-ad-frumvarpi-um-breytingu-a-logum-um-verndar-og-orkunytngaraetlun.pdf>.
- 2) Fuglavernd telur að alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum á Íslandi, ásamt öðrum búsvæðum sem eru sérlega mikilvæg fuglum, sé ekki tryggð nægjanleg vernd fyrir uppbyggingu vindorkuvera verði þetta frumvarp að lögum. Síðustu mánuði hafa komið fram mál þar sem pólitískar ákvarðanir vega þyngra en faglegar niðurstöður verkefnisstjórnar rammaáætlunar varðandi flokkun virkjunarkosta í verndar-, bið- og nýtingarflokk. Má nefna ákvörðun Alþingis er varðar flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum í biðflokk² þrátt fyrir að verkefnisstjórn hafi lagt til að þeir færu í verndarflokk³, sem og tillögu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um að flokka vindorkuvirkjunarkostinn Garpsdal í Reykhólahreppi í nýtingarflokk⁴ þrátt fyrir að verkefnisstjórn hafi lagt til að hann yrði í biðflokki vegna ónæggra upplýsinga.⁵ Á meðan ekki er hægt að treysta á að farið verði eftir tillögum verkefnisstjórnar, er það tól sem rammaáætlun er ætlað að vera ekki notað rétt og dugar ekki til að standa vörð um mikilvæga náttúruhagsmuni.
- 3) Mikilvægt er að búa til heildaráætlun um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi áður en lengra er haldið.

¹ <https://www.natt.is/is/midlun/kortagogn/mikilvaeg-fuglasvaedi>.

² <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2026/02/17/Holtavirkjun-og-Skrokkolduvirkjun-samthykktar-i-orkunytngarflokk/>.

³ https://www.ramma.is/media/almennt/Endurmat-a-virkjunarkostum-ur-3-afanga-rammaaetlunar_lokaskjal-til-radherra-2024.pdf.

⁴ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/07/07/Radherra-leggur-til-ad-vindorkukosturinn-Garpsdalur-fari-i-orkunytngarflokk/>.

⁵ https://www.ramma.is/media/almennt/Flokkun-tiu-vindorkukosta_lokaskyrsla-til-radherra_6.5.2025.pdf.

Að öðru leyti er vísað til þeirra atriða sem áður hefur verið bent á í umsögnum félagsins, enda eiga þau enn við.⁶

Virðingarfyllt, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri



⁶ <https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2026/01/2026-Umsogn-Fuglavernd-Drog-ad-frumvarpi-um-breytingu-a-logum-um-verndar-og-orkunytngaraaetilun.pdf>